

**Atvinnuveganefnd Alþingis**

Skrifstofa Alþingis  
101 Reykjavík  
Netfang: nefndasvid@althingi.is

**Reykjavík, 17. maí 2023**

E-2023-164/00.11

**Efni: Umsögn Landsvirkjunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Orkustofnun og raforkulögum (Raforkueftirlitið), 983. mál**

Landsvirkjun vísar til umsagnarbeiðnar frá atvinnuveganefnd Alþingis, dagsett 4. maí 2023, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Orkustofnun og raforkulögum (Raforkueftirlitið), 983. mál. Landsvirkjun þakkar tækifæri til umsagnar og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Um er að ræða nauðsynlegar breytingar á íslenskri löggjöf með það að markmiði að svara og koma til móts við athugasemdir eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um sjálfstæði raforkueftirlits sem gerð er krafa um í tilskipun ESB nr. 2009/72/EB. Í greinargerðinni með frumvarpinu er talað um reglur fyrrgreindrar tilskipunar og skyldur aðildarríkja til að koma á fót eftirlitsaðila sem er sjálfstæður gagnvart bæði raforkufyrirtækjum og stjórnvöldum.

Landsvirkjun fagnar áformum stjórnvalda um að tryggja betur sjálfstæði Raforkueftirlitsins í störfum sínum og telur Landsvirkjun þessa breytingu til bóta. Mikilvægt er að gæta þess að raforkumarkaður starfi á réttum grundvelli og að þess verði gætt að lagagrunnar og reglugerðir úreldist ekki og séu reglulega skoðaðir og uppfærðir ef þörf krefur. Sjálfstæði Raforkueftirlits er ekki síst mikilvægt sé litið til fyrirhugaðra sameininga stofnana í stærri skipulagsheildir eins og umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefur nýlega kynnt.

Athugasemdir Landsvirkjunar við frumvarpið snúa fyrst og fremst að 2. og 3. gr. frumvarpsins og tengdri umfjöllun í greinargerð með frumvarpinu. Athugasemdirnar snúa að skipun skrifstofustjóra Raforkueftirlitsins, mannráðningum í eftirlitsstörfun og úthlutun verkefna til Eftirlitsins. Telur Landsvirkjun að þarna liggja tækifæri til að tryggja betur sjálfstæði Raforkueftirlitsins.

Í 2. gr. frumvarpsins er getið um að orkumálastjóri geti falið Raforkueftirlitinu að sinna öðrum verkefnum en raforkueftirliti. Ekki er kveðið nánar um hvers eðlis verkefnin geti verið. Telur Landsvirkjun þetta fyrirkomulag draga úr sjálfstæði Raforkueftirlitsins en skv. fyrirmælum tilskipunar 2009/72/EB skulu ákvarðanir eftirlitsstofnunarinnar vera teknar án utanaðkomandi áhrifa, t.d. frá ráðherra, ráðuneyti eða öðrum aðilum.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að orkumálastjóri skipi skrifstofustjóra Raforkueftirlitsins til fimm ára í senn, með möguleika á endurskipun. Þetta skipunarferli telur Landsvirkjun að geri skrifstofustjóran háðan orkumálastjóra, ekki síst tengt mögulegri endurskipun, og vinni þannig gegn raunverulegu sjálfstæði Raforkueftirlitsins gagnvart orkumálastjóra.

Eins er kveðið á um í umfjöllun um 3. gr. frumvarpsins, að orkumálastjóri hafi mannráðningar Raforkueftirlitsins á sínum höndum. Þetta fyrirkomulag telur Landsvirkjun að dragi úr sjálfstæði skrifstofustjóra Raforkueftirlitsins og um leið sjálfstæði Raforkueftirlitsins almennt gagnvart orkumálastjóra.

Með vísan til ofangreindra athugasemda, hvetur Landsvirkjun atvinnuveganefnd til að huga að leiðum er kemur að því að tryggja enn betur sjálfstæði Raforkueftirlitsins. Landsvirkjun fagnar því að



stjórnvöld séu að efla viðeigandi eftirlitsstofnanir til samræmis við það sem tíðkast víðast hvar annars staðar innan Evrópu.

Virðingarfyllt,

**Kristín Linda Árnadóttir**  
Aðstoðarforstjóri

**Dórólfur Nielsen**  
Forstöðumaður stefnumótunar  
og sjálfbærni